

FÁLKI

Fálki er stór og tígurlegur ránfugl. Eins og aðrir ránfuglar veiðir hann sér bráð en til þess þarf hann góða sjón, hvasst og krókbogið nef og sterkar, hvassar klær. Klærnar notar hann til að hremma bráðina sem hann rífur svo á hol með gognum. Aðalfæða hans er rjúpa sem hann slær til með klónum á flugi eða grípur á jörðu niðri. Hann veiðir einnig heiðagæsir, vaðfugla, spörfugla og hagamýs.

Fálkinn er trygglyndur fugl, sama parið verpur oft ár eftir ár á sama óðali, en það er svæðið sem fálkinn helgar sér og ver. Fálki er ein af ábyrgðartegundunum okkar á Íslandi. Það þýðir að um 20% af Evrópustofni hans nýtir Ísland til varps eða kemur við hér á ferðum sínum. Hann er nú talinn í nokkurri hættu en færri en 1000 kynþroska fuglar eru taldir vera á landinu öllu.

